



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2012 (26. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16.03.2012 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan

1. Aðalskipulag keflavíkurflugvallar – niðurstöður vinnufundar

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir helstu atriðum sem fjallað var um á vinnufundi ISAVIA um aðalskipulag Keflavíkurflugvallar sem haldinn var þann 24.02.2012. Samantekt frá fundinum verður dreift til nefndarmanna.

2. Umsögn um samþykkt byggingaráforma vegna mannvirkja á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar, sbr. 6. mgr. gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð

Lagt var fram erindi skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 08.03.2012, varðandi byggingarleyfisumsóknir á Keflavíkurflugvelli sem skipulagsnefndinni ber að veita umsógnir um. Um er að ræða eftirfarandi umsóknir:

- Viðbygging Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til austurs
- Afgreiðslusvæði fyrir eldsneyti á lóðinni Arnarvöllur 2
- Stækkun sorpgeymslu fyrir gáma, innanhússbreytingar og útlitsbreyting að Fálkavelli 2

Umsóknirnar eru í samræmi við gildandi deiliskipulag og gerir skipulagsnefndin ekki athugasemdir við byggingaráformin.

3. Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024

Lögð var fram tillaga Samvinnunefndar Svæðisskipulags Suðurnesja að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024 til samþykktar hlutaðeigandi sveitarstjórna, skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Landhelgisgæslunnar í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þegar allir hlutaðeigandi aðilar hafa samþykkt tillöguna mun samvinnunefndin senda hana til athugunar Skipulagsstofnunar áður en tillagan verður auglýst í 6 vikur.



Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að Svæðisskipulagi Suðurnesja ásamt umhverfisskýrslu.

Sigurður Thoroddsen lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég geri athugasemd við að hluti atvinnusvæðis A verði á svæði sem um áratuga skeið hefur samkvæmt staðfestu skipulagi verið ætlað fyrir viðbótarflugbraut með stefnu 07 – 25.“

4. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Skipulagsnefndin ræddi stöðu mála varðandi skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar. Skipulagsnefndin telur brýnt að skipulagsreglurnar verði afgreiddar sem fyrst.

5. Deiliskipulagsbreyting á svæði B – Kjóavöllur 1, Fálkavöllur 1 og Fálkavöllur 5

Skipulagsfulltrúi kynnti fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið mun koma aftur fyrir skipulagsnefndina.

6. Landsskipulag

Lagt var fram erindi frá Skipulagsstofnun varðandi landsskipulagsstefnu, dags. 08.03.2012, þar sem kallað er eftir athugasemdum við lýsingu á gerð landsskipulagsstefnu. Ákveðið hefur verið að eftirfarandi áherslur verði lagðar til grundvallar við vinnslu landsskipulagsstefnu 2013 – 2024:

- ▶ Stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands
- ▶ Búsetumynstur – dreifing byggðar
- ▶ Skipulag á haf- og strandsvæðum

Ekkert framangreindra atriða snertir starfssvið Keflavíkurflugvallar og gerir skipulagsnefndin því ekki athugasemdir við lýsinguna.

7. Breytingar á skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

Páll Svavar Pálsson hefur hætt störfum hjá Sveitarfélaginu Garði og hafið störf hjá ISAVIA. Hann hættir einnig í skipulagsnefndinni og verður annar fulltrúi Garðs tilnefndur í hans stað. Páli var þakkað samstarfið í skipulagsnefndinni og honum árnað heilla í nýju starfi.

8. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður fimmtudaginn 27.04.2012.

Fleira ekki gert, fundi slitið.